

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af svæðisnefnd heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis vestra, staðfestist hér með skv. 5. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi frá og með birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Sólveig Guðmundsdóttir.*

**REGLUGERÐ**

3. apríl 1992

**um viðauka við reglugerð nr. 3, 3. janúar 1983 um þorskfisknet.**

## 1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. reglugerðar nr. 3, 3. janúar 1983, um þorskfisknet, sbr. reglugerð nr. 268 12. maí 1989, er heimilt að leggja þorskfisknet með 6 þumlunga möskvastærð 4. apríl 1992.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 3. apríl 1992.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Kristján Skarphéðinsson.*

**AUGLÝSING**

17. mars 1992

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur;  
landnotkun lóðar að Tindaseli 1.**

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 4. mars 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því að landnotkun á lóðinni nr. 1 við Tindasel breytist úr stofnanalóð í blandaða notkun stofnana og íbúða.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að taka að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytið, 17. mars 1992.*

F. h. r.

**Páll Línadal.**

*Hrafn Hallgrímsson.*